# Sóknaráætlun Vesturlands



# Af hverju sóknaráætlun fyrir Vesturland?

- Markmið stjórnvalda er að sóknaráætlun sé tæki til að efla atvinnulíf og lífsgæði.
- Á að kalla fram sameiginlega framtíðarsýn og samþætta fyrirliggjandi áætlanir
- Skýrsla um hlutverk landshlutasamtaka 2009, varð í raun innlegg í vinnu við sóknaráætlanir
- Sóknaráætlun fyrir Vesturland eða stærra svæði!
  - Vesturland
  - Vesturland og Vestfirðir
  - Norð-vesturkjördæmi

# Þjóðfundur á Vesturlandi 2010

- Um það bil 90 manns tók þátt í fundinu sem fram fór í Borgarnesi í febrúar 2010
- Niðurstöður fundarins settar fram í landshlutaskýrslu þar sem lögð var áhersla á eftirfarandi;



# Sóknarfæri Vesturlands




1. Náttúrtengd ferðaþjónusta
2. Sagnaarfur/sögutengd ferðaþjónusta
3. Heilsulindir/heilsuþjónusta - ferðaþj.
4. Háskólar/Bifröst og LBHÍ - tengsl atvinnulífs og skóla
5. Iðngarðar í Hvalfirði – uppbygging og fullvinnsla
6. Alþjóðlegur Björgunarskóli
7. Kona Evrópu
8. Sjávarföll í Hvammsfirði – óvirkjuð orka
9. Breiðafjörður – uppspretta tækifæra
10. Jarðfræði svæðisins – öll jarðsaga Íslands
11. Grunnafjörður – Votlendi Mýranna (dulúð)
12. Deildartunguhver – vatnsmesti hver Evrópu
13. Snæfellsjökull/þjóðgarðurinn/þjóðsagan
14. Griðungurinn - ímynd Vesturlands
15. Matarkistan Vesturland

# Hvítá að Hvítá

- SSV hefur tekið þátt í vinnu með fulltrúum frá Suðurlandi, Reykjanesi og Höfuðborgarsvæðinu að sóknaráætlun fyrir þetta svæði.
- Áhersluatriði;



# Sóknaráætlanir landshluta

- Vinna hófst vorið 2011
- Byggir að hluta á þjóðfundum, en líka á stefnumörkun í vaxtasamningum
- Ríkið leggur út rammana, en landshlutarnir koma með tilögur



# Tillögur SSV á vinnslustigi

**1. Gerðar svæðisáætlunar sem skilgreini stefnu um landnotkun á hverju svæði.**

Tillaga SSV:

- **Svæðisskipulag fyrir Vesturland (hluta eða heild)**
- **Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull** er einn af mikilvægustu áfangastöðum ferðamanna á svæðinu. Jafnframt hýsir hann margar einstæðar náttúruperlur. Mikilvægt er að þjóðgarðurinn verði gerður að sjálfstæðri rekstrareiningu til jafns við Vatnajökulsþjóðgarð og að heimamenn hafi meira um stjórn hans að segja.
- **Umhverfisvottun**. Langt er síðan sveitarfélögin á Snæfellsnesi fengu GreenGlobe umhverfisvottun (nú Earthcheck). Áhugi er hjá öðrum sveitarfélögum að fylgja í kjölfarið og móta Vesturlandi þannig sérstöðu á sviði umhverfismála.

**2. Áætlunar um eflingu sveitarfélaga með auknum verkefnum, samvinnu og sameiningu.**

Tillaga SSV:

Verkefni sem leggur hlutlægt mat á hvað mismunandi sameiningar sveitarfélaga á Vesturlandi gætu skilað. Jafnframt verður útlistað með hvaða hætti sveitarfélögin gætu náð fram hagræðingu og bættu þjónustustigi með formlegu samstarfi. Niðurstaðan getur orðið leiðarvísir að frekari sameiningum og samvinnu sveitarfélagana á Vesturlandi. Vinnuhópur er að störfum.

**3. Áætlunar um sjálfbæra nýtingu, orku, auðlinda og afurða á viðkomandi svæði**

Tillaga SSV

Áhersla verði lögð á jarðhitaleit á köldum svæðum jafnframt því sem áfram verði hugað að þeim kostum sem kunna að felast í sjávarfallavirkjunum og annarri orkuvinnslu.

**4. Áætlunar um uppbyggingu grunnets samgangna um land allt sem verði lokið fyrir árið 2020**

**5. Áætlunar um samgöngumiðstöðvar í hverjum landshluta og eflingu almenningssamgangna innan svæða og út frá þeim**

Tillaga SSV

Almennar vegasamgöngur á Vesturlandi. Samgöngunefnd SSV hefur um langt skeið lagt línur og komið með ábendingar um mikilvæg verkefni á sviði vegasamgangna. Nefndin heldur áfram störfum og skilar niðurstöðu sem lögð er til grundvallar.

Almenningssamgöngur á Vesturlandi. Vinnuhópur er að störfum við að móta tillögur um almenningssamgöngur á Vesturlandi. Hópurinn er skipaður fulltrúum sveitarfélaganna og niðurstöður hans verða lagðar til grundvallar.

**6. Stefnu um öruggt aðgengi að háhraðafjarskiptum um land allt**

Tillaga SSV

Á grundvelli úttektar SSV verði skipaður vinnuhópur til að kortleggja stöðuna og móta tillögur að aðgerðum.

**7. Stuðnings við klasasamstarf fyrirtækja þar sem skilyrði eru fyrir hendi**

Tillaga SSV:

Þessum lið verði mætt með Vaxtarsamningi Vesturlands.

## 8. **Einföldunar og endurskipulagningar á stoðkerfi atvinnu- og byggðaþróunar á viðkomandi svæði**

Tillaga SSV

- **Samræming á stefnumörkun og starfsháttum Vaxtarsamnings og Menningarsamnings.**
- **Efling Markaðsstofu Vesturlands** sem samnefnara fyrir markaðsstarf ferðaþjónustunnar á Vesturlandi.
- **Endurskipulagning stoðkerfis Vesturlands**

## **9. Vinnumarkaðs- og menntaáætlana viðkomandi svæðis sem taki mið af þörfum beggja kynja**

Tillaga SSV

- Stefnt er að því að kalla saman *Þekkingarklasa Vesturlands* sem var eitt af verkefnum Vaxtarsamnings Vesturlands. Leitað verði leiða til að ná árangri á eftirfarandi sviðum:
- **Að viðhalda og efla framhaldsskóla á svæðinu.** Hækka menntunarstig á svæðinu (fækka þeim sem eru eingöngu með grunnskólapróf). Símenntun, framhaldsskólar og grunn-skólar.
- **Háskóli og atvinnulíf.** Gera þarf aðra atlögu að því að tengja saman atvinnulíf og skóla. Það má gera með samningum um starfsnám, vinnslu raunhæfra verkefna, fóstrun nýsköpunarverkefna og halda opnum möguleika á stofnun frumkvöðlaseturs. Opna Fab lab í framhaldsskólanum.
- **Vinnumarkaðs- og menntunaráætlun** þarf að taka mið af því að menntaðir einstaklingar hafi að einhverju að hverfa á svæðinu að námi loknu. Þetta má gera með flutningi opinberra starfa úti á land, eflingu frumkvöðlahugsunar hjá nemendum og fjarvinnslu-verkefnum (af hærra kaliberi).

# Tillögur SSV - Fjárfestingr

1. Samgöngubætur
   - Uxahryggir
   - Skógarströnd
   - Grunnafjörður
   - Fróðárheiði
2. Fjarskipti
3. Almenningssamgöngur
4. Orkuleit á köldum svæðum
5. Svæðisskipulag
6. Efling sveitarstjórnarstigsins
7. Efling Þjóðgarðsins

# Sóknaráætlun hluti af byggðastefnu framtíðarinnar

## Ábyrgð og frumkvæði heimaaðila

- Flytja þarf verkefni, ábyrgð, vald og fjármagn frá ríkisvaldinu til sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélaga
- Styrkja þarf sveitarfélögin sem stjórnsýslueiningar
- Styrkja þarf atvinnuþróunarfélögin og þau þurfa í ríkari mæli að verða; samstarfsvettvangur, miðstöð þekkingar og hafa mannafl og fjármagn til að skapa jákvæða byggðaþróun heima í héraði.
- Sóknaráætlun og vaxtasamningar tæki til að stuðla að þessari þróun
  - Ýta undir samstarf lykilaðila; samfélags, atvinnulífs og sveitarstjórna
  - Geta stuðlað að sátt um helstu framfaraverkefni

# Sóknaráætlun hluti af byggðastefnu framtíðarinnar

- Sóknaráætlun ýtir undir að hlutverk ríkisins verði;
  - Að veita fjármagni til ýmissa þróunarverkefna sem bæta búsetuskilyrði á landsbyggðinni “garðyrkjumaðurinn”
  - Viðurkenning á að byggðastefna þarf að vera sveigjanleg og taka mið af mismunandi hagsmunum landshluta
  - Samræma stefnu ráðuneyta í byggðamálum
  - Byggða- og sveitarstjórnarmál eiga að heyra undir sama ráðuneyti sem stýrir samþættingu á vinnu fagráðuneyta er snerta byggðamál

# Takk fyrir

